

7. FUNDARGERÐ STJÓRNAR HUNDARÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS STARFSÁRIÐ 2017-2018

Fimmtudaginn 5. október 2017 var haldinn sjöundi fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands. Fundurinn var haldinn að skrifstofu félagsins að Síðumúla.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Daníel Örn Hinriksson varaformaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritari, Pétur Alan Guðmundsson gjaldkeri, Þorsteinn Thorsteinson meðstjórnandi, Viktoría Jensdóttir

Auður Sif Sigurgeirsdóttir ritaði fundinn.

1. Undirritun þegar staðfestar fundargerðar 6. fundar stjórnar.

2. Viðurkenning hundafimidómara

Stefanía og Anna Birna voru boðaðar á fund stjórnar þar sem þær voru viðurkenndar sem hundafimidómarar í hundafimikeppnum á Íslandi. Fengin var umsögn skólanefndar sem mælti með því að stjórn félagsins samþykkti þær Stefáníu og Önnu sem hundafimidómara.

Stefanía hyggst sækja námskeið hjá norska hundaræktarfélaginu í náinni framtíð og verður þá formlega viðurkennd sem hundafimipjálfari.

3. Beiðni Cavalierdeildar um breytingu á hjartareglu

Með bréfi 28. júlí sl. óskaði Cavalierdeild eftir breytingu á hjartareglu þannig að hún kveði á um að lágmarksaldur undaneldisdyra sé 2 ½ ára og að hjartavottorð sé tekið eftir að þeim aldri er náð. Erindið var sent til umsagnar vísindanefndar sem fellst á beiðnina en lagði til að tíðni greininga yrði skoðuð eftir fimm ár og þá metið hvort breytingin hefði skilað árangri.

Stjórn samþykkir breytinguna og leggur til við deildina að hún fari að tilmælum vísindanefndar, þ.e. skoði niðurstöðurnar og taki þetta aftur upp eftir fimm ár.

4. Einangrunarmál

Landbúnaðarráðherra, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, er að óska eftir nýju áhættumati og mun danskur óháður aðili framkvæma matið en sá gerði áhættumatið um innflutning búfænaðar. HRFÍ hefur verið í góðri samvinnu við aðstoðarmann ráðherra og lagt honum í té gögn sem tekin voru saman af vinnuhópi innan HRFÍ sem sýndu fram á hversu gallað gildandi áhættumat er. Þá hafa Þorgerður Ösp Arnþórsdóttir og Guðfinna Kristinsdóttir

ASST
FIA
VI
D

unnið skýrslu um stöðu innflutningsmála á vegum Félags ábyrgra hundaeigenda. Í ljósi fréttu af fundum fulltrúa HRFÍ með ráðherra og þeim árangri hefur FÁH óskað eftir samstarfi við HRFÍ um málið.

5. Breytingar á reglum um starfshætti ræktunardeilda

Breytingarnar hafa verið samþykktar og verða kynntar á fulltrúaráðsfundi í kvöld.

6. Önnur mál.

Fræðslunefnd

Viktoría sagði frá fundi sem fræðslunefnd félagsins átti fyrir nokkru og leist stjórn vel á hugmyndirnar. Ýmislegt er á döfinni hjá nefndinni í nánustu framtíð:

- Senda á *Komdu Sámur* til allra grunnskóla á landinu sem lestrarbók.
- Stefnan er að heimsækja leikskóla og kynna bókina. Nefndin mun senda bréf til leikskólanna og segja frá þessu.
- Nefndin ætlar að auglýsa eftir sjálfbóðaliðum úti á landi til að taka þetta að sér og fara í leikskóla þar.
- Snapchat HRFÍ mun verða virkt á næstu dögum þar sem viðburðum innan félagsins verður „snappað“.
- Hugmynd kom upp um að gera stutta þætti um hundalífið, t.d. hundafimi, þjónustuhunda og fleira og sýna á Youtube.
- Nefndin sér fyrir sér að bjóða upp á ræktunarnámskeið tvisvar sinnum á ári.
- Hugmynd kom upp um að hafa bás HRFÍ á stór- og smáhundadögum Garðheima.

Fundið slitið kl. 19.30.

Jóns Pallmarðottir Daníelsson
Aukur síð Sigurgeirsd.

Þorsteinn Thorsteinsson

Selma Alva Guð

Christina A. Jensen²